

## 13. gr.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að sjúku eða grunuðu fé skuli slátrað, til þess að ganga úr skugga um veikina eða hindra útbreiðslu hennar. Bætur fyrir sauðfé, sem slátrað er samkvæmt þessum ráðstöfunum, greiðist af ríkissjóði eftir mati nefndarinnar.

179

20. sept.

Heimilt er nefndinni að ákveða, að nokkur hluti bótanna greiðist hlutaðeigendum til endurnýjunar fjárstofninum, þegar nefndin telur garnaveikinni útrýmt úr fé þeirra

## 14. gr.

Þeir bændur, sem lógað hefir verið hjá yfir 10% af ærstofninum, fá auk þess vaxtatillag og aukajarðræktarstyrk á sama hátt og eftir sömu reglum og þeir, sem beðið hafa tjón af völdum mæðiveikinnar, þó aldrei lengur en eitt ár eftir að garnaveikinni er útrýmt úr fé þeirra, nema sérstaklega standi á að dómi nefndarinnar.

## 15. gr.

Mæðiveikinefnd er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að gera hverja þá ráðstöfun, er hann álitur nauðsynlega til þess að hindra útbreiðslu veikinnar og útrýma henni.

## 16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, allt að 10000 kr. eða fangelsi, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 14 15. maí 1939, til öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 20. september 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

### um sérstakan tímareikning.

180

29. sept.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 8 16. febrúar 1917, um heimild handa ráðuneytinu til ákvörðunar sérstaks tímareiknings, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði um sérstakan tímareikning.

Tímareikningur sá, sem gilt hefir á Íslandi frá 30. apríl síðastliðinn, samkvæmt reglugerð dóms- og kirkjumálaráðuneytisins frá 28. apríl 1939, skal vera óbreyttur fyrst um sinn út næstkomandi októbermánuð.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. september 1939.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*